

Þá má stjórn sjóðsins, ef hún álitur þess þörf og fé leyfir, veita þeim mönnum, sem dvelja við Byggðasafnið um stuttan tíma í rannsóknarskyni, einhvern fjárstyrk úr sjóðnum.

4. gr.

Samkvæmt tillögum í erfðaskrá stofnanda sjóðsins er hverjum þeim, sem heiðra vill minningu Gilnahjóna, heimilt er að styrkja sjóðinn með fégjöfum. Einkum taldi hann æskilegt, að afkomendur hjónanna minnstust þeirra með framlögum í sjóðinn.

5. gr.

Gera skal minningarspjöld, sem verða til sölu til ágóða fyrir sjóð þennan og mál-efni þau, sem hann á að styrkja. Fellur það í hlut sjóðsstjórnar að ákveða, hvernig sölu slíkra minningarspjalda verði best fyrir komið.

6. gr.

Stjórn sjóðsins tekur sjálf ákvarðanir um kaup og styrkveitingar af fé sjóðsins og hefur óbundnar hendur í þeim efnum. Þó má aldrei skerða upprunalegan höfuðstól. Ef verulegur hluti eigna sjóðsins er bundinn í vísitölutryggðum verðbréfum, getur stjórnin selt þau eða tekið lán út á þau, þegar hún telur slíkt nauðsynlegt til þess að geta sinnt verkefnum sjóðsins til hlítar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skulu tveir vera úr stjórn Byggðasafnsins, en hinn þriðji hins vegar vera afkomandi Gilnahjóna, ef unnt er. Voru það tilmæli sjóðsstofnanda, að Jón Aðalsteinn Jónsson cand. mag. yrði af þeirra hálfu í fyrstu stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins heldur gerðabók, og skal í hana rituð skipulagsskrá þessi, ársreikningar sjóðsins og fundargerðir stjórnenda.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega í lok hvers árs, og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum sýslureikninga Vestur-Skaftafellssýslu.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

REGLUGERÐ

um húsafriðunarsjóð.

1. gr.

Húsafriðunarnefnd ákveður styrki úr sjóðnum og metur hvaða umsóknir séu styrkhæfar, sbr. 4. gr.

2. gr.

Húsafriðunarnefnd skal auglýsa eftir umsóknum til húsafriðunarsjóðs í dagblöðum og Lögbirtingablaði. Auglýsingar skal birta eigi síðar en í marsmánuði ár hvert. Umsóknir skal senda húsafriðunarnefnd, Þjóðminjasafni Íslands, Reykjavík.

3. gr.

Umsóknir skulu greiðnilega bera með sér til hvers og hvernig umsækjandi hyggst verja styrk úr sjóðnum. Skulu umsóknum fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar:

- a. uppmælingar, dagsettar og undirskrifaðar,
- b. ljósmyndir,
- c. upplýsingar um nánasta umhverfi,
- d. sögulegar upplýsingar sem unnt er að afla, s. s. aldur mannvirkis, nöfn arkitekts, smíðs og eigenda fyrr og nú,
- e. greinargerð um framtíðarnotkun,
- f. greinargerð um fyrri breytingar ef gerðar hafa verið,
- g. teikningar af breytingum ef ráðgerðar eru,
- h. kostnaðaráætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir ásamt greinargerð um verktilhögum.

4. gr.

Húsafriðunarnefnd metur, að viðhafðri skoðun og úttekt, hvort framkvæmdir, sem sótt er um að styrktar verði, séu viðunanlega af hendi leystar. Varðar styrkmissi ef á slíkt brestur að mati nefndarinnar. Húsafriðunarnefnd skal hafa aðgang að kostnaðarreikningum í sambandi við þær framkvæmdir sem hún fjallar um. Einnig skal nefndin eiga greiðan aðgang að vinnustað meðan viðgerð fer fram.

5. gr.

Fjárveitingar úr húsafriðunarsjóði skulu að jafnaði greiddar í september ár hvert, enda sé fé fyrir hendi í sjóðnum.

Húsafriðunarnefnd skal láta menntamálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í té yfirlit um greiðslur úr sjóðnum fyrir lok hvers árs.

6. gr.

Varsla og reikningshald húsafriðunarsjóðs skal vera í höndum Landsbanka Íslands samkvæmt samkomulagi, sem menntamálaráðuneytið gerir við bankann þar að lútandi.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 42/1975, um breyting á þjóðminjalögum nr. 52/1969, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að því er varðar styrkveitingar úr sjóðnum fyrir árið 1976 er húsafriðunarnefnd heimilt að bregða út af þeim reglum, sem hér eru settar, að svo miklu leyti sem aðstæður krefjast.

Í menntamálaráðuneytinu, 17. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.